



Herrakvöld Lionsklúbbsins Njarðar, Reykjavík

Sóltún 20, 105 Reykjavík, s. 893-8090, tölvupóstur danielth@nett.is

Viltu hjálpa okkur að styrkja Grensás?

Lionsklúbburinn Njarður hefur í rúm 50 ár haldið veglegt Herrakvöld einu sinni á ári með listaverkauppboði og happdrætti til styrktar góðum málefnum. Að þessu sinni er safnað fyrir nýjum endurhæfingartækjum, sem sárlega vantar á Grensás.

Herrakvöld Njarðar hefur fyrir löngu skipað sér sess sem stórkostleg veisla og skemmtun í upphafi árs, sem um 200 manns sækja að jafnaði. Að þessu sinni fer það fram föstudagskvöldið 17. janúar 2014 í Súlnasal Hótel Sögu.


Veislustjórn verður nú í höndum þeirra félagara Ara Edwald og Helga Jóhannessonar, og sem endranær er sérlega vandað til matar. Ræðumaður kvöldsins verður Sindri Sigurgeirsson formaður Bændasamtakanna og skemmtiatriðin í höndum Ara Eldjárn og Fjallabræðra. Auk uppboðsins er happdrætti þar sem ferðatöskur fullar af alls kyns veigum og veisluföngum eru meðal vinninga eins og þekkt er orðið.

Herrakvöld Njarðar er frábær leið fyrir vini og vinnufélaga til þess að gera sér glaðan dag eða til þess að verðlauna góða viðskiptavini með góðri skemmtun. Verð aðgöngumiða er óbreytt en það hefur verið Kr. 16.000 – miðinn undanfarin ár. Í boði eru 8, 10 eða 12 manna hringborð.

Vonumst til að sjá ykkur!

Með aðventukveðjum 1. desember 2013,

LIONSKLÚBBURINN NJÖRÐUR



Daniel Þórarinnsson formaður Herrakvöldsnefndar